

Reglur um úthlutun styrkja til íþróttá- og æskulýðsstarfs í Þingeyjarsveit

1 Styrkveitingar fari fram tvisvar á ári, á reglulegum fundum félags- og menningarmálanefndar í mars og október. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í febrúar og september ár hvert. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Þingeyjarsveit hverju sinni sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

2 Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að íþróttá- og æskulýðsstarfi í Þingeyjarsveit. Styrki má veita vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi. Nefndin metur hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

3 Einstaklingar sem stefna á og eiga raunhæfa möguleika á að ná lágmarkum fyrir heimsmeistaramót, evrópumeistaramót eða ólympíuleika eru styrkhæfir sem og einstaklingar sem valdir hafa verið í landslið.

4 Umsækjendur styrkja skulu hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

5 Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl sem og greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða formanns félags- og menningarmálanefndar. Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk. Umsóknir sem berast í tölvupósti jafngilda skriflegum umsóknum.

6 Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og/eða það verkefni sem vinna skal að. Tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um. Styrkbeiðnum vegna reglulegrar starfsemi formlegs félagsskapar skal fylgja ársreikningur viðkomandi félags vegna síðasta árs og/eða fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs. Umsóknum vegna einstakra viðburða eða afmarkaðra verkefna skal fylgja fjárhagsáætlun.

7 Félags- og menningarmálanefnd getur kallað forsvarsmenn félaga eða verkefna á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur Félags- og menningarmálanefnd falið formanni nefndarinnar að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.

8 Félags- og menningarmálanefnd getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Formaður félags- og menningarmála skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja / samningsbundinna styrkja sé framfylgt.

9 Styrkþega ber að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Berist greinargerð ekki getur það hamlað frekari styrkveitingum.

Samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 6.10.2016